



Aðalfundur Sunddeildar Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá þriðjudaginn 2. mars 2010

Mættir: Bryndís Ólafsdóttir, Edda Björk Ólafsdóttir, Guðbjörg Edda Árnadóttir, Guðmundur Jóhannesson, Sigríður Pálsdóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir.

1. Fundarsetning

Guðmundur, formaður Sunddeildarinnar, setti fund og óskaði eftir fundarstjóra og fundarritara. Fundarmenn stungu upp á Guðmundi sem fundarstjóra og Bryndísi sem fundarritara og var það samþykkt. Í framhaldi af því var gengið til hefðbundinna aðalfundastarfa.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar

Fundargerð síðasta aðalfundar var samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Jóhannesson fór yfir skýrslu stjórnar. [Sjá skýrslu stjórnar.](#)

4. Skýrsla þjálfara

Bryndís Ólafsdóttir fór yfir þjálfaraskýrslu 2009. [Sjá skýrslu þjálfara.](#)

5. Ársreikningur 2009

Guðmundur kynnti ársreikning 2009. Tap varð á rekstri deildarinnar sem nemur 1.243 þús. kr. Þrátt fyrir tap er eiginfjárstaða deildarinnar góð, eignir eru 2.512 þús. kr. og eigið fé 2.018 þús. kr. Ársreikningur borin undir atkvæði og samþykktur.

6. Fjárhagsáætlun 2010

Guðmundur fór yfir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir 190 þús. kr. hagnaði. Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði og samþykkt.

7. Stjórnarkjör

Þessu næst var gegnið til stjórnarkjörs. Guðmundur Jóhannesson var kjörinn sem áframhaldandi formaður. Stungið var uppá Ingibjörgu Laugdal sem gjaldkera og var uppástungan samþykkt.

Í meðstjórn voru kosnir: Sveinn Svavarsson, Sigríður Runólfsdóttir og Edda Björk Ólafsdóttir.

Varastjórn: Helga Sigurðardóttir og Sigurbjörg Björnsdóttir.

8. Önnur mál

Ýmis mál voru tekin fyrir og rædd en engar ákvarðanir teknar í framhaldinu.

Fundi slitið.

Bryndís Ólafsdóttir,
fundarritari